



VERKALÝÐSFÉLAG AKRANESS

SUNNUBRAUT 13 – 300 AKRANES
SÍMI 430 9900 – FAX 430 9901
KENNITALA 680269-6889 – www.vlfa.is

Miðstjórn ASÍ

Sætúni 1
105 Reykjavík

Akranesi, 14. september 2012

Tillaga stjórnar og trúnaðarráðs Verkalýðsfélags Akraness að breytingum á 33. grein laga ASÍ.

Tillaga að breytingum á 33. grein laga ASÍ.

VII. kafli

Miðstjórn

33. grein

Miðstjórn stjórnar daglegri starfsemi Alþýðusambandsins í samræmi við lög þess og samþykktir sambandsþinga.

Miðstjórn ber ábyrgð á allri starfsemi Alþýðusambandsins og stofnana þess og fyrirtækja á vegum þeirra. Í þessu felst að miðstjórn getur gripið inn í slíka starfsemi þegar hún telur þörf á.

Miðstjórn er heimilt að fela vinnunefndum að fara með dagleg verkefni Alþýðusambandsins í tilteknum málum.

Miðstjórn skal kosin til tveggja ára í senn, þannig að forseti skal kjörinn sérstaklega til tveggja ára í senn í allsherjaratkvæðagreiðslu meðal fullgildra félagsmanna aðildarfélaga ASÍ en á sambandsþingi skal kjósa varaforseta sérstaklega og þrettán meðstjórnendur. Þessi mynda miðstjórn Alþýðusambands Íslands.

Auk þess skal kjósa ellefu varamenn.

Kosningu forseta skal lokið einum mánuði fyrir sambandsþing og tekur hann við embætti í lok þess. Um framkvæmd kosningar fer skv. sérstakri reglugerð sem sambandsþing samþykkir. Þar skal m.a. kveðið á um kjörgengi, framboðsfresti, atkvæðisrétt þ.m.t. rétt þeirra sem vinna hluta úr degi, fjölda meðmælenda o.fl.

[Ákvæði til bráðabirgða: Kosið skal eftir ákvæði þessu í fyrsta sinn í aðdraganda sambandsþings 2014. Í fyrsta sinn sem kosið er skv. ákvæði þessu skal kosningu hagað skv. reglum sem miðstjórn samþykkir og sem settar skulu í samræmi við gildandi reglugerð um framkvæmd allsherjaratkvæðagreiðslu meðal félagsmanna aðildarsamtaka ASÍ. Reglur þessar skulu afgreiddar úr miðstjórn fyrir lok september 2013 en tillaga um reglugerð um kosningu forseta skulu lagðar fyrir sambandsþing 2014 til samþykktar.]

Við kjör miðstjórnar skal leitast við að kjósa fulltrúa ólíkra atvinnugreina og að hlutdeild karla og kvenna verði sem jöfnust.

Enginn er löglega kosinn í miðstjórn, nema hann fái a.m.k. helming greiddra atkvæða.



VERKALÝÐSFÉLAG AKRANESS

SUNNUBRAUT 13 – 300 AKRANES
SÍMI 430 9900 – FAX 430 9901
KENNITALA 680269-6889 – www.vlfa.is

Forfallist forseti eða varaforseti svo að þeir geti ekki gegnt störfum sínum, skal miðstjórn þegar koma saman til fundar og kjósa varaforseta úr hópi miðstjórnarmanna.

Miðstjórn hefur æðsta vald í öllum málefnum Alþýðusambandsins á milli sambandsþinga nema lög þessi geymi ákvæði um annað, og ber aðildarsamtökum ASÍ og hverjum þeim, sem trúnaðarstarfi gegnir fyrir sambandið, að hlýða fyrirmælum hennar og úrskurðum, en rétt hafa aðilar til að skjóta ágreiningsmálum sínum við miðstjórn til sambandsþings, sem þá fellir fullnaðarúrskurð um þau.

Miðstjórn setur reglur um starfsemi einstakra deilda og stofnana, sem reknar eru á vegum heildarsamtakanna.

Miðstjórn setur með reglugerð fyrirmæli um undirbúning og framkvæmd allsherjaratkvæðagreiðslu. Skal reglugerðin vera þannig sniðin, að eftir henni megi fara við kjör fulltrúa á þing ASÍ, kjör fulltrúa á þing aðildarsamtaka og við stjórnar- og trúnaðarmannaráðskosningar í verkalýðsfélögunum.

Reglugerðin skal gilda fyrir öll aðildarsamtök ASÍ og deildir þeirra.

Virðingarfyllst,

f.h. stjórnar og trúnaðarráðs Verkalýðsfélags Akraness

Vilhjálmur Birgisson

Vilhjálmur Birgisson